



Hörgársveit

Fréttabréf

26. maí 2014 5. árgangur 7. tölublað

Kjörstaður, kjörfundur

Kjörfundur fyrir Hörgársveit í sveitarstjórnarkosningunum 31. maí 2014 verður í **Þelamerkurskóla, bókasafni**. Gengið er inn frá neðra bílastæði. Almennt bílastæði kjósenda er á efra bílastæði skólans, á neðra bílastæðinu eru stæði fyrir hreyfihamlaða. **Kjörfundur hefst kl. 10:00 og lýkur kl. 20:00.**

Kosning utan kjörfundar fer fram hjá sýslumönnum um land allt. Fram að kjördegi eiga utankjörfundaratkvæði kjósenda í Hörgársveit að berast til formanns kjörstjórnar, Guðmundar Víkingssonar, Garðshorni, Þelamörk. Á kjördegi er tekið við utankjörfundaratkvæðum á kjörstað. Þau verða að berast þangað fyrir lok kjörfundarins.

Kjörstjórnin

Söfnun á úrgangstimbri 10.-12. júní 2014

Dagana 10.-12. júní fer fram söfnun á úrgangstimbri. Þeir sem vilja losna við timburafgangna þurfa að láta vita í síma 860 6846 fyrir kl. 15:00 7. júní. Nauðsynlegt er að auðvelt sé að komast að timbrinu með vörubíl og að búið sé að safna því saman á einn stað á hverju býli eða við hverja lóð.

Ekki má blanda öðrum úrgangi saman við timbrið.

Söfnun á brotajárni og úr sér gengnum hjólbörðum

Brotajárni og úr sér gengnum hjólbörðum verður safnað í sumar með svipuðum hætti og síðastliðið sumar. Þeir sem vilja losna við slíkt þurfa að láta vita í síma 860 6846.

Hörgársveit

Sími: 460 1750

Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is

Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri

Veffang: www.horgarsveit.is

Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fundur nr. 46 21. maí 2014

Mætt voru: Axel Grettisson, Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi Þór Helgason, Helgi Bjarni Steinsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir

1. Fundargerðir heilbrigðisnefndar 5. mars, 9. apríl og 7. maí 2014

Fyrsta fundargerðin er í fjórum liðum, auk afgreiðslu á tólf umsóknum um starfsleyfi, önnur fundargerðin er í fimmtán liðum, þar á meðal er afgreiðsla á ársreikningi Heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2013, auk afgreiðslu á tólf umsóknum um starfsleyfi, og síðasta fundargerðin er í tólf liðum, auk afgreiðslu á þremur umsóknum um starfsleyfi. Enginn þessara liða varða Hörgársveit með beinum hætti.

Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti framlagðan ársreikning Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra fyrir árið 2013. Fundargerðirnar gefa ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.

2. Fundargerð fræðslunefndar 6. maí 2014

Fundargerðin er í fimm liðum. Í henni er ein tillaga til sveitarstjórnar, um verðskrá útleigu í Þelamerkurskóla og reglu að reikningsfærslu á afnotum hópa og félaga að skólahúsnæðinu. Þá kemur í fundargerðinni fram staðfesting á starfsáætlunum Þelamerkurskóla og Álfasteins fyrir skólaárið 2014-2015. Aðrir liðir hennar eru um náms- hópa og starfsmannahald skólaárið 2014-2015 í Þelamerkurskóla, um niðurstöður Olweuskönnunar og um verklag við ákvarðanatöku vegna starfsmannahalds í Álfasteini. *Sveitarstjórn samþykkti tillögu fræðslunefndar um verðskrá fyrir útleigu á Þelamerkurskóla, en samþykkti ekki tillögu að reglu að reikningsfærslu á afnotum hópa og félaga að skólahúsnæðinu, eins og hún er lögð fram. Að öðru leyti gefur fundargerðin ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.*

3. Fundargerð menningar- og tómstundanefndar 16. maí 2014

Fundargerðin er í fjórum liðum. Í henni eru tvær tillögur til sveitarstjórnar, um samning við Sögufélag Hörgársveitar vegna útgáfu Heimaslóðar og um samning um viðhald og rekstur Félagsheimilisins Mela, sbr. 5. gr. samnings um breytingar á eignarhaldi Mela. Aðrir liðir hennar eru um Sæludaginn 2014 og afmæli sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkti tillögu nefndarinnar að samningi við Sögufélag Hörgársveitar um útgáfu Heimaslóðar og tillögu að samningi um viðhald og rekstur á Félagsheimilinu Melum. Að öðru leyti gefur fundargerðin ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.

4. Þórustaðarétt, framkvæmdaleyfi fyrir vegi

Lögð fram umsókn, dags. 16. apríl 2014, frá Skútabergi ehf. um framkvæmdaleyfi fyrir vegi að Þórustaðarétt, sbr. 1. lið í fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 19. maí 2014, sjá 5. lið þessarar fundargerðar.

Sveitarstjórn samþykkti, að tillögu skipulags- og umhverfisnefndar, að gefið verði út framkvæmdaleyfi til Skútabergs ehf. fyrir vegi að Þórustaðarétt í samræmi við gildandi deiliskipulag. Framkvæmdaleyfisgjald, kr. 49.000, greiðist.

5. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 19. maí 2014

Fundargerðin er í fjórum liðum, einn þeirra var til afgreiðslu fyrir á fundinum. Aðrir liðir fundarg. eru um skýrslu frá Vegagerð um bættar vegasamgöngur milli Akureyrar og Grjótagarðs, um ályktanir frá Garðyrkjufél. Ísl., um kynbætur á yndisplöntum og um mótun landslags og ræktun í þéttbýli, og um deiliskipulag á Lónsbakka.

Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar, að undanskildu því, sem fram kemur í 4. lið þessarar fundargerðar.

6. Fjárhagsrammar fastanefnda 2015

Rætt um drög að fjárhagsrömmum fastanefnda fyrir árið 2015. Í þeim er gengið út frá að heildarskatttekjur sveitarfélagsins á árinu 2015 verði 382 millj. kr. og að veltufé frá rekstri á árinu verði 50 millj. kr.

Sveitarstjórn samþykkti að fjárhagsrammar fastanefnda vegna vinnslu á fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins fyrir árið 2015 verði sem hér segir: Félagsmála- og jafnréttisnefnd 26,0 millj. kr.; fræðslunefnd 209,0 millj. kr.; menningar- og tómstundanefnd 66,0 millj. kr.; skipulags- og umhverfisnefnd 18,0 millj. kr.; atvinnuálanefnd 1,5 millj. kr.

7. Skipulagsfulltrúi

Lagt fram til kynningar minnisblað um hugsanlega ráðningu skipulagsfulltrúa fyrir aðildarsveitarfélög byggingafultrúaembættis Eyjafjarðarsvæðis, sbr. fundargerð sveitarstjórnar 15. janúar 2014.

8. Hagaganga, leyfisveitingar

Lagt fram yfirlit yfir umsóknir um hagagönguleyfi 2014. Fulltrúi Landgræðslu ríkisins hefur kannað ástand þess lands sem um ræðir. Hann telur að í öllum tilvikum þoli hlutaðeigandi jarðir að bæta umbeðnum fjölda búfjár við það búfé sem er í eigu landeiganda. Fulltrúinn mun fylgjast með beitarálagi landsins áfram. *Sveitarstjórn samþykkti að veita leyfi til hagagöngu til eins árs á grundvelli fyrirbyggjandi umsókna.* Helgi Steinsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

9. Flutningur á skrifstofu sveitarfélagsins

Lagðir fram til kynningar nokkrir valkostir í staðsetningu skrifstofu sveitarfélagsins í tengibyggingu milli B- og C-álmu í Þelamerkurskóla, dags. í maí 2014, sbr. samþykkt sveitarstjórnar 12. desember 2013. Þeir eru unnir af VA-arkitektum.

10. Vinnuskóli, laun

Sveitarstjórn samþykkti að laun í vinnuskóla sumarið 2014 verði 500 kr./klst. fyrir börn fædd 2000, 550 kr./klst. fyrir börn fædd 1999 og 690 kr./klst. fyrir börn fædd 1998. Orlof er innifalið.

11. Tónlistarskóli Eyjafjarðar, reglugerð

Lögð fram tillaga að endurskoðaðri reglugerð fyrir Tónlistarskóla Eyjafjarðar. *Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi tillögu að reglugerð fyrir Tónlistarskóla Eyjafjarðar.*

12. Búðagata 13a, lóðarumsókn

Lögð fram umsókn, dags. 25. apríl 2014, frá Vilhjálmi Ingvarssyni um verbúðalóðina Búðagötu 13a á Hjalteyri. *Sveitarstjórn samþykkti að fresta afgreiðslu fyrirbyggjandi umsóknar um lóðina Búðagötu 13a þar til lausar verbúðalóðir á Hjalteyri hafa verið auglýstar til umsóknar.*

13. Birkihlíð 7, breyting á lóðarmörkum

Lögð fram drög að endurskoðuðu lóðarblaði fyrir lóðina Birkihlíð 7, Lónsbakka. *Sveitarstjórn samþykkti að gerður verði nýr lóðarsamningur um lóðina Birkihlíð 7 á grundvelli fyrirbyggjandi lóðarblaðs.*

14. Þrastarhóll, frístundabyggð, breyting á landamerkjum

Lagt fram bréf, dags. 16. maí 2014, frá Haraldi Jósefssyni, þar sem óskað er eftir samþykki fyrir breytingu á landamerkjum frístundabyggðar á Þrastarhóli. *Sveitarstjórn samþykkti að ekki verði gerð athugasemd við breytt landamerki frístundabyggðar á Þrastarhóli af hálfu sveitarfélagsins.* Axel Grettisson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Kosningakaffi

Seljum kaffi, vöffur og útiskólalummur í mötuneyti Pelamerkurskóla á kosningadag kl. 14-17. Ágóðann af söluinni ætlum við að nýta í námsferð starfsmanna vorið 2015.

Verð: Fullorðnir 1000 kr., börn á grunnskólaaldri 500 kr.
leikskólabörn frítt. Kíkið endilega við.
Starfsfólk Pelamerkurskóla

Heimaslóð komin út

Heimaslóð er komin út í 11. sinn. Á næstu dögum verður farið á hvern bæ í sveitarfélaginu og ritið boðið. Hægt er að gerast áskrifandi að því og gerast stofnfélagi í Sögufélagi Hörgársveitar með því að hafa samband við formann félagsins, Árna Arnsteinsson, í síma 866 7501 eða netfanginu dynhagi@isl.is. Ritið má einnig nálgast í afgreiðslu Búgarðs á Akureyri, það kostar 2.500 krónur. Bjarni E. Guðleifsson á Möðruvöllum hefur haft forgöngu að útgáfunni. Sögufélagið tekur nú við keflinu en Bjarni mun áfram aðstoða við útgáfuna. Með honum í ritstjórn eru Guðmundur Víkingsson, Garðshorni, og Guðmundur Steindórsson, ráðunautur. Í stjórn félagsins með Árna eru Guðmundur í Garðshorni og Seselía Gunnarsdóttir, Dagverðareyri.

Efnistaka í Hörgá

Mat á umhverfisáhrifum: Drög að tillögu að matsáætlun

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og samkvæmt IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 þarf efnistaka árbotni og áreyrum Hörgár og þveráa hennar í Hörgársveit að sæta mati á umhverfisáhrifum.

Hörgá sf. vinnur að mati á umhverfisáhrifum í samvinnu við Umís ehf. Environice. Verkefnisstjóri og tengiliður verktaka er Hrafnhildur Tryggvadóttir hjá Umís.

Nú liggja fyrir drög að tillögu að matsáætlun sem verða opin almenningi til kynningar til 5. júní 2014. Að loknu því ferli verður tillögu að matsáætlun skilað inn til formlegrar umfjöllunar hjá Skipulagsstofnun. Þá gefst aftur tími til ábendinga og athugasemda.

Allir geta kynnt sér tillöguna á heimasíðum Umís Environice (www.umis.is) og Hörgársveitar (www.horgarsveit.is). Skriflegar ábendingar og athugasemdir skulu berast fyrir 5. júní, á netfangið: hrafnhildur@umis.is eða í pósti á heimilisfangið:

UMÍS ehf. Environice

v/ Hörgár sf.

Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnes